

Nd.

489. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 49 12. febr. 1940, um skattgreiðslu islenskra útgerðarfyrirtækja.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr.

2. grein laganna fellur niður, og breytist greinatalan samkv. því.

2. gr.

Fyrir „1. og 2. gr.“ í 3. gr. laganna kemur: 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir fjárhagsnefnd hefir legið frv. um fullt afnám þessara laga frá hv. 3. þm. Reykjavíkur (HV), og hefir enginn nefndarmanna getað fallizt á að mæla með samþykkt þess. — Hinsvegar telur meiri hl. nefndarmanna (þeir StgrSt, SvBH og ÁÁ) réttmætt, eins og nú er ástatt, að fella niður 2. gr. frumvarpsins, sem heimilar bæjarstjórnnum að undanþiggja útgerðarfyrirtæki útsvarsgreiðslu.

Verður að líta svo á, að mörg útgerðarfyrirtæki þurfi þessa ekki með, eins og nú er komið, og geta niðurfjöfnunarnefndir haft það í hendi sér, að hlifa þeim fyrirtækjum, sem þess þurfa, í útsvarsálagningu sinni.